

## **Grunnhugmynd um námsbrautir sem telja má til fyrsta hæfnipreps.**

**Jóhannes Árnason fjallar um að VMA muni bjóða nemendum að útskrifast af fyrsta hæfniprepi af ýmsum námsbrautum skólans. Miðað er við að nemendur ljúki talsverðu vinnustaðanámi.**

### **Markmið:**

Að miða við að allir nemendur skólans eigi kost á útskrift af einhverju hæfniprepi og að skólinn aðstoði nemendur við að finna nám sem þeir ráða við.

Að gefa nemendum kost á námi í faggreinum sem þeir ráða við og viðurkenna þannig að minni færni og hæfni í bóknámi þarf ekki að þýða að nemi geti ekki lokið sérhæfðu námi sem nýtist í atvinnu.

Að gefa nemendum kost á námi í faggreinum og vinnustaðþjálfun sem hluta af náminu án þess að um sé endilega að ræða námssamninga í hefðbundnum skilningi. Þannig þurfi nemendur og fyrirtæki eða stofnanir ekki að skuldbinda sig til langs tíma.

Að fyrirtæki eigi kost á að taka þátt í þjálfun hugsanlegra starfsmanna á meðan þeir eru undir skipulagi VMA, það gefur tækifæri til að þjálfar starfsmenn án þess að greiða laun á reynslutíma.

### **Rammi námsins nær yfir tveggja til þriggja ára nám í VMA.**

Miðað er við að nemendur ljúki 65 gein alls á tveimur árum (eða 90 gein á þremur árum).

Þar af er miðað við að:

Sérhæfðar faggreinar á ákveðinni námsbraut verði 15 – 35 gein (30 – 50).

Vinnustaðanám verði 15 – 25 gein (25 – 35).

Annað nám verði 10 – 30 gein (20 – 40).

Sérhæfðar faggreinar eru verklegt nám í skóla, fagbóklegt nám og aðrar sérhæfðar námsgreinar sem teljast til þeirrar námsbrautar sem nemandinn útskrifast af. Hér myndu líka teljast námsáfangar í viðkomandi greinum sem teljast vera kynningaráfangar á almennri braut.

Vinnustaðanám er fólgið í því að nemandinn fær námseiningar fyrir dvöl og nám á vinnustað. Ekki er gert ráð fyrir launum í vinnustaðanámi. Miðað er við að þetta vinnustaðanám uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til vinnustaðanáms varðandi fyrirkomulag, námsmarkmið, mat á frammistöðu og eftirfylgni skólans á vinnustaðnum.

Annað nám eru áfangar í námsgreinum sem má telja til flestra námsbrauta. Lífsleikni, íþróttir, almennar bóklegar greinar, áfangar í bóknámi á almennri braut (upprifjunaráfangar), og faggreinar á öðrum sérhæfðum námsbrautum.

### **Hvaða nemendur og hvernig komast þeir á þessa braut?**

Hér er aðallega miðað við nemendur sem vitað er að munu eiga erfitt með að ljúka námsbrautum á öðru þrepi og þriðja þrepi. Stúdentsprófsbrautir og iðnámsbrautir eru langflestar á þriðja þrepi, þó er ekki gerð slík krafa um almennt bóknám á iðnbrautum. Skoðun á námsferlum hefur sýnt að nemendur sem koma með sögu um slakt gengi í almennum bóklegum greinum munu eiga mjög erfitt með að standast kröfur framhaldsskóla um almennt bóknám, grunnáfanga í íslensku, stærðfræði, erlendum tungumálum og öðrum bóklegum greinum yfirleitt.

Það þarf að benda á að þeir nemendur sem eiga erfitt í bóknámi eru ekkert endilega snillingar í verknámi. Þess vegna þarf að skoða sérstaklega hversu mikill hluti námsins á að vera í sérgreinum því að í sumum tilfellum ráða nemendur vel við ákveðnar sérgreinar en síður við aðrar. Sem dæmi má nefna að verklegar greinar gætu gengið vel en fræðilegar / bóklegar sérgreinar síður vegna

erfiðleika við lestur og eða reikning. Þannig er ekki gerð krafa um að ljúka öllum sérgreinum brautar sem t.d. er miðað við að taka á fyrstu tveimur árum námsbrautarinnar, þó er ætlast til að nemendur fylgi reglum um undanfara í áföngum.

#### **Tillögur um námsbrautir:**

Hér er unnið út frá þeirri forsendu að í einhverjum tilfellum nýtist vinnustaðanámið sem hluti af námi á námsbrautinni á efra hæfniprepi.

#### **Iðnnámsbrautir. (Vinsamlega takið tillögur um nöfn með fyrirvara, við viljum ekki búa til hugmyndir um styttra nám til fullra atvinnuréttinda.)**

Rafiðnir á fyrsta þrepi.

Trésmíði á fyrsta þrepi.

Málmsmíði á fyrsta þrepi.

Véltækni og bifvélanám á fyrsta þrepi.

Matvæla- og ferðaþjónustunám á fyrsta þrepi

Hársnyrtinám á fyrsta þrepi.

#### **Heilbrigðis- og umönnunarbrautir.**

Umönnunarnám á fyrsta þrepi.

(Hér er gert ráð fyrir að gerð verði krafa um grunnhæfni í hjúkrun, matvælagreinum og snyrtingu.)

Nám á fyrsta þrepi í umsjón með þróttum tómstundum og viðburðum.

(Hér er gert ráð fyrir vinnustaðanámi í íþróttamannvirkjum en ekkert endilega við þjálfun.)

#### **Verslunar- og afgreiðslubrautir.**

Verslunar- og afgreiðslunám á fyrsta þrepi.

Vöruflutninga og lagernám á fyrsta þrepi.

(Hér er miðað við að ljúka skilgreindum námsgreinum í flutningagreinum ásamt vinnustaðanámi.)

#### **Listnám á fyrsta þrepi.**

Áhersla verði á sköpun, hugmyndavinnu, tjáningu og framsetningu.

#### **Almenn vinnustaðapjálfun á fyrsta þrepi.**

Hér er gert ráð fyrir að nemandinn stundi almennt nám og vinnustaðanám án þess að stefna á ákveðna fagkunnáttu.

#### **Vinnustaðanám fyrirkomulag**

Þegar rætt er um vinnustaðanám hér er átt við að VMA skipuleggi vinnustaðanám fyrir hvern nemanda og á hverri námsbraut. Í VMA verði einhverskonar miðstöð vinnustaðanáms þannig að tryggt verði að tiltækar verði upplýsingar um vinnustaði og tengiliði sem hægt er að tala við á hverjum vinnustað. VMA haldi námskeið fyrir starfsfóstra á vinnustöðum og sjái til þess að öll gögn og fyrirkomulag sé til reiðu. VMA hefur líka umsjón með mati á frammistöðu nemanna, kennari úr VMA kemur í heimsóknir á vinnustaði og sér um að safna öllum gögnum um vinnustaðanámið. Faglegt innihald vinnustaðanámsins er að sumu leyti tilbúið í gegnum fagnám og til dæmis verknámsbækur greinanna, hægt er að reikna með að nýta það að hluta þótt ekki sé stefnt að endanlegri útskrift úr fagnáminu.

Almennir þættir vinnustaðanámsins geta verið að miklu leyti þeir sömu fyrir allar brautir. Samskipti, trúnaður, að taka fyrirmælum og upplýsingum og svo frv. Þetta eru almennir þættir sem nýtast og eru nauðsynlegir á öllum vinnustöðum. Þannig er markmiðið með vinnustaðanáminu á þessu formi fyrst og fremst að gefa nemendum tækifæri til reyna sig á nýjum slóðum og kynnast vinnustöðum í ákveðnum starfsgreinum. Þegar það á við er líka ætlast til að nemendur nái ákveðinni hæfni í störfum í starfsgreininni. Talsverður hluti þeirra nemenda sem munu fara þessar leiðir glíma við sjálfsmynd sem hamlar þeim. Þessum nemendum veitir ekki af því að fá tækifæri til að sýna sig og sanna. Það gæti líka orðið til þess að þeir ljúki formlegu námi á efri námsþrepum.